


Seiðarannsóknir í Miðfjarðará og  
LitluKverká 1987  
Árni Jóhann Óðinsson

Veiðimálastofnun

VMSTR/88031

Eintak bókasafns

VMST-R/88031



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Vistfræðideild

Seiðarannsóknir í Miðfjarðará og  
LitluKverká 1987  
Árni Jóhann Óðinsson

Veiðimálastofnun VMSTR/88031

### Inngangur

Engar sérstakar seiðaathuganir hafa áður verið gerðar í vatnakerfi Miðfjarðarár og Kverkár ef undan er skilin könnun ein í ánni 1983 sem Árni Helgason framkvæmdi. Af þessum orsökum er hér ekki um neinar samanburðarrannsóknir að ræða heldur beint mat á ástandi og aldursdreifingu seiða í vatnakerfinu. Athugunin sem hér verður greint frá var gerð 13 júlí 1987 af Steingrími Benediktssyni þáverandi starfsmanni Veiðimálastofnunar á Austurlandi.

### Framkvæmd

Seiðaathuganir Veiðimálastofnunnar fara fram með stöðluðum hætti og er notuð rafveiði við þær. Rafveiðar byggja á því, að farið er um afmerkað svæði í ánni með rafskaut sem 300-600 v jafnspennu er leitt um. Rafstraumurinn leiðir til þess að fiskur nálægt skautinu dregst að því og er þá háfður uppi fótum. Ein til þrjár yfirferðar eru farnar á hverri stöð. Aflin er tegundagreindur, lengdarmáldur og sýnishorn tekin af hreistri til aldursgreiningar. Meginhluta aflans er svo aftur sleppt í ánnu. Stöðvar eru veldar þannig að þær gefi sem besta mynd af viðkomandi vatnsfalli, sérstaklega m.t.t. botngerðar og straumlags.

Fimm stöðvar voru teknaðar 1987 og var farin ein rafveiði yfirferð á hverri stöð. Staðsetning stöðva er sýnd á mynd 1. Aflí á hverri stöð á myndum 2 og 3, en heildaraflí og aldursdreifing seiðanna á mynd 4.

### Niðurstöður

Alls var rafveitt á 1710 m . Heildaraflí var 59 seiði (3.5 seiði á hverja 100 m ), 36 laxaseiði og 23 bleikjuseiði en enginn urrirði veiddist.

## Lax

Einsog sést á mynd 4 veiðast 5 seiðaárgangar af laxi og eru þetta klakárgangar frá 1983-1987. Þetta er mjög svipað ástand og í öðrum ám á þessu svæði en algengt er að 5 árgangar veiðist í seiðarannsóknum. Klakárgangur frá 1985, 2 þ.e. tveggja ára seiði, er áberandi stæstur (72% af öllum laxaseiðunum) og virðist sem klak hafi heppnast mjög vel þetta ár. Þetta er alveg í samræmi við niðurstöður seiðarannsókna í Selá í Vopnafirði 1987 (Sigurður Guðjónsson 1988) en þar er 1985 árgangurinn mjög sterkur. Þessi góði árgangur ætti að skjala sér í veiði 1990 og 1991. Aðrir árgangar eru ekki ýkja stórir en þó er árgangurinn frá 1983, 4 ára seiði, sämilegur. Þetta er mjög líkt ástand og seiðarannsóknir í Selá gefa til kynna en þar eru árgangarnir fyrir 1985 fremur smáir. Eins er rétt að geta þess að þessi seiði (árgangar 1983 og 1984) eru að einhverju leyti komin úr veiði þar sem þau hafa fært sig á dýpræ vatn. Þetta gæti þýtt það að veiði dragist eitthvað saman á komandi árum. Vorgömul seiði finnast varla í ánni á þessum tíma þar sem klak er töluvert seint á ferðinni í ám á Norðausturlandi (ágúst og september). Stærð vorgamalla seiða að hausti hefur afgerandi áhrif á lífslíkur seiðanna (Sigurður Guðjónsson 1988) veturninn á eftir og því má búast við miklum afföllum í köldum árum þegar klak dregst fram á haust. Þetta gæti að hluta skýrt hinar miklu sveiflur sem eru í árgangastyrk í ám á þessu svæði. Með reglubundnum rannsóknum á seiðaástandi árinnar geta menn fundið hvað telst vera éðlilegt ástand og þá einnig séð hvenær nýliðunarbrestur verður í ánni. Pennan nýliðunnarbrest er svo hægt að bæta upp með seiðasleppingum. Svona seiðaslepping yrði að vera framkvæmd á réttan hátt þannig að hún kæmi að sem mestum notum. Velja yrði seiði að réttri stærð þannig að þau fylltu upp í það gat sem þeim væri ætlað en lentu ekki í samkeppni við árganga sem til staðar eru. Nauðsynlegt er að stofn viðkomandi ár sé notaður en það þýðir að veiða verður lax í klakið og væri það þá gert í árum er nýliðunnarbrestur verður í ánni.

### Bleikja

Tveir árgangar af bleikjuseiðum finnast þ.e. árgangarnir 1986 og 1987. Það að finna bara two árganga af bleikju er ekkert óeðlilegt en yfirleitt finnast færri árgangar af bleikju í rafveiði en af laxi. Þetta skýrist af því að vaxtartímabil bleikjunar er lengra en laxins þar sem kjörhiti hennar er lægri en hans og því vex hún hræðar og sleppur því fyrr úr rafveiðinni en laxinn. Þetta sést vel ef litið er á lengdardreifingu eins árs bleikju annars vegar og eins árs laxhins vegar (mynd 4). Einnig var úrtak það sem notað var til aldursgreiningar á bleikjunni fremur smátt og því gæti vantað eldri árganga sem eru til staðar í ánni. Árgangurinn frá 1986 virðist vera all stór en 1987 árgangurinn er verla kominn inn í veiði enn þó klak sé fyrr á ferðinni hjá bleikjunni.

### Laxveiðin 1987

Laxveiðin í Miðfjarðará 1987 verður að teljast mjög góð miðað við fyrri ár (Guðni Guðbergsson 1988). Alls veiddust 206 laxar sem súmanlegt vógu 1589 pund þetta þýðir að hver lax hefur vegað að meðaltali 7.7 pund. Þetta er heldur smærri lax en í nærliggjandi ám t.d. er meðalþyngd laxa í Selá 8.8 pund og í Svalbarðsá er meðalþunginn 8.5 pund. Hlutfall smálax/stórlax í veiðinni var 1.6/1 (125 smálaxar og 81 stórlax). Skipting laxa í smá-og stórlax er miðuð við 8 pund hjá hengum og 9 pund hjá hrygnum. Þetta háa hlutfall smálaxa er töluvert hærra en í Selá og í Svalbarðsá (0.9-1 í Selá og 1.2-1 í Svalbarðsá). Út frá háu hlutfalli smálax eitt árið má búast við mikilli stórlaxagöngu ári á eftir og því má vanta þess að mikið verði af stórlaxi 1988. Meðalveiði í Miðfjarðará síðustu 14 ár (1974-1987) er 117 laxar en á umræddu tímabili hafa mest veiðst 248 laxar (1977) og minnst 15 laxar (1982). Aðeins tvísvar sinnum hefur veiðst meira af laxi en 1987 í ánni. Þetta er þó sagt án þess að nokkrar upplýsingar liggi fyrir um veiðiátak einstök ár og því ekki hægt að segja til um breytingar á veiði einstakra stanga milli ára.

### Lokaord

Eskilegt er að seiðarannsóknun og rannsóknun á göngufiski verði haldið áfram í Miðfjarðará. Ávinnungur veiðimanna er augljós þar sem þá er hægt að hjálpa uppá þá árganga sem vantar er nýliðunnarbrestur verður og þannig draga úr þeim miklu lægðum sem hafa komið í veiði á síðustu árum.


Að síðustu vil ég afsaka þær miklu tafir sem hafa orðið á úrvinnslu gagna af óviðréðanlegum orsökum.

### Heimildir


1. Guðni Guðbergsson 1988. Laxveiðin 1987. Veiðimálastofnun VMST-R/88026. Skýrsla 14 bls.
2. Sigurður Guðjónsson 1988. Laxarannsóknir í Selá Vopnafirði 1987. Veiðimálastofnun VMST-R/88028.

# VATHAKERFI MÍDFJARDAR-OG KVERKÁR.


Mynd: 1




1. loom neðan við ármót Kverkár.
2. Neðan við veiðihús.
3. 300m ofan við Miðfjarðarnessel
4. 100m neðan við Miðfjarðarnesse
5. Milli brúa.



MYND: 2



MYND: 4



Fjöldi

